



Minnisblað

Viðtakandi	Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis	Dagsetning	14. mars 2024
Sendandi	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Málsnúmer	MVF23120048

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fyrirtækjaskrá, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um ársreikninga og lögum um skráningu raunverulegra eigenda (fyrirtækjaskrá), 154. löggjafarþing, þingskjal 934, 627. mál.

Minnisblað þetta er unnið í menningar- og viðskiptaráðuneytinu vegna innsendra umsagna við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fyrirtækjaskrá, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um ársreikninga og lögum um skráningu raunverulegra eigenda (fyrirtækjaskrá), 154. löggjafarþing, þingskjal 934, 627. mál. Í minnisblaðinu er að finna umfjöllun um umsagnir vegna málsins og afstöðu ráðuneytisins.

Með frumvarpinu eru annars vegar innleidd og hins vegar sett lagastoð fyrir innleiðingu ákvæða gerða Evrópusambandsins sem varða samtengingarkefni skráa, þ.e. *tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 um tiltekna þætti félagaréttar (keifisbinding)*, *tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 um ráðstafanir gegn því að „jármálakeifid sé notað til peningaþvættis eða til „jármögnunar hryçjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins 2005/60/EB og tilskipun ráðsins og framkvæmdas.jórnarinnar 2006/70/EB, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/843 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun (ESB) 2015/849 um ráðstafanir gegn því að „jármálakeifid sé notað til peningaþvættis eða til „jármögnunar hryçjuverka og um breytingu á tilskipunum 2009/138/EB og 2013/36/ESB, framkvæmdarreglugerð framkvæmdas.jórnarinnar (ESB) 2021/1042 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 að því er varðar tækn.forskr.ftir og verklagsreglur fyrir samtengingarkefni skráa og niðurfellingu framkvæmdarreglugerðar framkvæmdas.jórnarinnar (ESB) 2020/2244, og framkvæmdarreglugerð framkvæmdas.jórnarinnar (ESB) 2021/369 frá 1. mars 2021 um að koma á nauðsynlegum tækn.forskr.ftum og verklagsreglum fyrir samtengingarkefni miðlægra skráa sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849.*

Fjórar umsagnir bárust um frumvarpið en umsagnaraðilar eru Persónuvernd, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands sem sendu sameiginlega inn umsögn, Samtök fjármálafyrirtækja og Skatturinn sem starfrækir fyrirtækjaskrá.

Umsögn Persónuverndar.

Í b-lið 2. gr., 5. gr. og 8. gr. frumvarpsins er lagt til að inn í lög um fyrirtækjaskrá, lög um hlutafélög og lög um einkahlutafélög verði sett ákvæði um heimild ríkisskattstjóra til vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli lagabálkanna og um aðgang að upplýsingum úr fyrirtækjaskrá.

Í umsögn Persónuverndar er fjallað um ákvæði frumvarpsins um framangreind ákvæði b-liðar 2. gr., 5. og 8. gr. Fram kemur að Persónuvernd telji ekki ástæðu til að gera sérstaklega athugasemdir við ákvæðin en leggi til að í c-lið 2. gr., b-lið 5. gr. og b-lið 8. gr. frumvarpsins verði bætt við svohljóðandi ákvæði:

„Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt lögum þessum skal samrýmast lögum um

persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.“.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við tillögu Persónuverndar.

Umsögn Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs.

Í 12. og 13. gr. frumvarpsins er að finna tillögur að breytingum á lögum um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019. Í tillögunum felst að innleidd eru ákvæði 10. mgr. 30. gr. og 9. mgr. 31. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/843 í gegnum samtengingarkerfi skráa sem sett er á fót með 1. mgr. 22. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar. Kveðið er á um nánari útfærslu á upplýsingaskiptum í gegnum samtengingarkerfið í framkvæmdarreglugerð sem sett er á grundvelli tilskipunar (ESB) 2015/849, sbr. tilskipun (ESB)2018/843, nú framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnar ESB 2021/369.

Í umsögn Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs er fagnað þeim markmiðum sem að er stefnt með frumvarpinu um aukið aðgengi að rafrænum upplýsingum í fyrirtækjaskrá. Ítrekað er mikilvægi þess að upplýsingarnar séu birtar með aðgengilegum hætti eins og gert sé víða erlendis. Fram kemur að gagnsæi og aukið aðgengi að upplýsingum um fyrirtæki geti haft jákvæð samfélagsleg áhrif, m.a. með því að byggja undir traust á viðskiptalífinu, vinna gegn peningabætti og auðvelda fyrirtækjum að uppfylla skyldur sem á þau eru lagðar og sé í takt við almenna réttarþróun. Í umsögninni er vakin athygli á því að tilvitnanir í frumvarpinu til framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnar ESB 2021/369 séu óheppilegar þar sem samkvæmt opinberum upplýsingum hafi hún ekki enn verið tekin upp í EES-samninginn. Mikilvægt sé að tilgreina hefði og rökstyðja sérstaklega í greinargerð þegar vísað er til gerða sem ekki hafa verið teknar upp í EES-samninginn.

Ráðuneytið telur að umfjöllun um framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnar ESB 2021/369 í greinargerð með frumvarpinu sé nauðsynleg en getur þó fallist á það að e.t.v. hefði mátt útskýra málið með ítarlegri hætti. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnar ESB 2021/369 hefur verið tekin upp í EES-samninginn en þar sem gerðin kallaði á lagabreytingu hér á landi var, af hálfu Íslands, settur stjórnskipulegur fyrirvari við upptöku gerðarinnar og hefur honum ekki verið aflétt. Gert er ráð fyrir því að framkvæmdarreglugerðin verði innleidd í heild sinni með tilvísunarreglugerð á grundvelli d-liðar 19. gr. laga um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019, verði frumvarpið sem hér um ræðir samþykkt.

Ráðuneytið leggur til að felld verði brott tilvísun til 9. mgr. 31. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 í 12. gr. en réttilega er til ákvæðisins vísað í 13. gr. frumvarpsins.

Umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja.

Í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) kemur fram að samtökin geri ekki efnislegar athugasemdir við lagafrumvarpið sjálft en þau vilji koma á framfæri athugasemd um skýringar á aðgengi tilkynningaskyldra aðila að gögnum úr skrá um raunverulega eigendur. Samtökin benda einnig á að þau telji vera vankanta á tæknilegri útfærslu skrárinnar.

Í umsögn SFF kemur fram að löggjöfin geri ráð fyrir því að þau aðildarfélög samtakanna sem teljast tilkynningaskyldir aðilar í skilningi laga um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, eigi, þegar upplýsingar um viðskiptamenn og raunverulega eigendur eru sannreynðar, að nota skrá um raunverulega eigendur. Einnig beri þeim að tilkynna ríkisskattstjóra um frávik ef í ljós kemur misræmi milli

upplýsinga í skránni og upplýsingum frá viðskiptamönnum. Telja samtökin að annars vegar þurfi að útskýra betur í greinargerð hvert aðgengi tilkynningaskyldra aðila skv. lögum nr. 140/2018 að gögnum úr skrá um raunverulega eigendur eigi að vera. Hins vegar þurfi að lagfæra vankanta á tæknilegri útfærslu skrárinnar þannig að hægt sé að rekja sig gegnum upplýsingar um félög og einstaklinga í eignarkeðjunni niður á einstaklinga, þá með myndrænum hætti hjá hverju félagi fyrir sig eða a.m.k. að það sjáist í skránni fyrir hvert félag fyrir sig hvaða lögaðili og/eða einstaklingur eigi eignarhlut í því.

Hvað aðgengi að gögnum varðar þá er í umsögninni vísað til þess að skráningarskyldir aðilar skuli veita ríkisskattstjóra upplýsingar samkvæmt a-f lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 82/2019. Fram kemur í umsögn að tilkynningaskyldir aðilar skuli hafa tímanlega aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og gögnum þegar þeir framkvæma áreiðanleikakönnu, sbr. d-liður 1. mgr. og 3. mgr. 7. gr. laga nr. 82/2019. Þannig fái tilkynningaskyldir aðilar upplýsingar um nafn raunverulegra eigenda, lögheimili, kennitölu eða fæðingardag ef kennitölu er ekki til að dreifa og ríkisfang hans, sbr. a-d liðir 2. mgr. 4. gr. laganna. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra þá fá tilkynningaskyldir aðilar einnig upplýsingar sem tilgreindar eru í e-lið 2. mgr. 4. gr., þ.m.t. dagsetningu eigendaskipta séu þær upplýsingar skráðar. Fram kemur í umsögn SFF að þar sem aðgangur fáið ekki að gögnum sé ekki hægt að rekja eignarhald félaga sérstaklega þegar um óbeint eignarhald sé að ræða og því þurfi að kalla eftir viðbótar upplýsingum frá viðskiptavinum. Hvað tæknilega útfærslu skrárinnar varðar kemur fram að tilkynningaskyldir aðilar samkvæmt lögum nr. 140/2018 geti ekki sótt skrána í heild og látið uppfært daglega heldur þurfi að sækja upplýsingar um hvern og einn lögaðila. Þá bendir SFF á að hluti tilkynningaskyldra aðila sé undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands sem m.a. kanni hvernig aðilar sinni skyldum sínum samkvæmt lögum.

Að lokum kemur fram að SFF telji að markmið skrárinnar náist ekki eins og staðan sé í dag og óska samtökin eftir því að Alþingi skoði ábendingarnar í umsögninni. Bendir SFF á að setja þurfi fjármuni í að lagfæra skrána sem allra fyrst.

Síðastliðið haust barst ráðuneytinu og Skattinum erindi SFF þar sem gerðar voru athugasemdir í aðgengi tilkynningaskyldra aðila að upplýsingum um skrá um raunverulega eigendur og tæknilega útfærslu skrárinnar. Áður höfðu ráðuneytinu borist athugasemdir samtakanna um framangreint. Ráðuneytið hefur litið svo á að ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins 2005/60/EB og tilskipun ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB, um skrá um raunverulega eigendur hafi verið réttilega innleidd hér á landi og að tæknileg útfærsla skrárinnar sé í samræmi við það sem gert er ráð fyrir í tilskipuninni. Þá hefur ráðuneytið litið svo á að með skrá um raunverulega eigendur séu uppfyllt eldri tilmæli FATF um aðgengi að upplýsingum um raunverulega eigendur. Ráðuneytið hefur til skoðunar hvort gera þurfi breytingar á lögum nr. 82/2019 til að skýra betur hvaða upplýsingar skuli vera aðgengilegar tilkynningaskyldum aðilum og hvort gera þurfi breytingar á tæknilegri útfærslu skrárinnar. Sú vinna nú í gangi með Skattinum og dómsmálaráðuneyti, en málaflökkurinn aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka fellur undir málefna svið þess ráðuneytis, sbr. r-liður 16. tölul. 2. gr. forsetaúrskurðar nr. 6/2022 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Í þeirri vinnu er einnig skoðað hvernig nágrannaríkin hafa innleitt tilskipanir ESB á þessu sviði og hvernig tæknilegri útfærslu er háttað. Stefnir er að því að ljúka þessari vinnu sem fyrst.

Umsögn Skattsins

Í umsögn Skattsins er að finna ábendingar varðandi félagaforn sem tilgreind eru í 1. gr. og 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins, ákvæði um vinnslu persónuupplýsinga, ákvæði um aðgang að upplýsingum og gögnum úr skrá um raunverulega eigendur og gildistökuákvæði frumvarpsins.

Félagaforn:

Í umsögn Skattsins er vísað til þess að bæta þurfi samlagsfélögum við upptalningu í 1. gr. og 10. gr. frumvarpsins svo upplýsingar um slík félög sé miðlað í gegnum samtengingarkerfi skráa.

Ráðuneytið telur að um réttmæta ábendingu sé að ræða og fellst á að rétt sé að bæta samlagsfélögum við upptalningu í 1. gr. og 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Þá er áréttað að ákvæði 2. gr. og 10. gr. frumvarpsins gildir um upplýsingaskipti fyrir samlagsfélög og um aðgang að upplýsingum og gögnum um þau í gegnum samtengingarkerfið.

Ákvæði um vinnslu persónuupplýsinga:

Í frumvarpinu er lagt til að við lög um fyrirtækjaskrá, lög um hlutafélög og lög um einkahlutafélög bætist ákvæði um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. b-liður 2. gr., 5. gr. og 8. gr. frumvarpsins.

Í umsögn sinni leggur Skatturinn til frekari breytingar á 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins til að styrkja enn frekar vinnsluheimildir ríkisskattstjóra og þá til grundvallar miðlun persónugreinanlegra upplýsinga úr hlutafélagaskrá og fylgigögnum úr skránni, s.s. samþykktu, stofnsamninga og aukatilkynninga. Lagt er til að 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Ríkisskattstjóri skal veita aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum úr hlutafélagaskrá, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003, þar á meðal fylgigögnum tilkynninga til hlutafélagaskrár og upplýsingum sem hafa verið skráðar úr þeim.“

Skatturinn leggur til sambærilegar breytingar og að framan greinir við b-lið 2. gr. frumvarpsins til að styrkja vinnsluheimildir til grundvallar miðlun persónugreinanlegra upplýsinga úr fyrirtækjaskrá og fylgigögnum úr skránni, s.s. samþykktu, stofnsamninga og aukatilkynninga.

Þá leggur Skatturinn til að ný grein, 109. gr. a, um heimild til vinnslu persónuupplýsinga bætist við lög um ársreikninga til að tryggja fullnægjandi vinnsluheimildir persónuupplýsinga í lögnum. Lagt er til að svohljóðandi ákvæði bætist við á eftir 109. gr. laganna:

„Ríkisskattstjóra er heimilt að vinna með persónuupplýsingar að því marki sem honum er það nauðsynlegt til að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum.“

Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við framangreindar breytingatillögur Skattsins.

Að auki vill ráðuneytið leggja til breytingar á 6. tölul. 4. gr. laga um fyrirtækjaskrá svo skýrt sé kveðið á um það í lögum um fyrirtækjaskrá að þegar við á skuli skrá upplýsingar um stjórnarmenn og varamenn, prókúruhafa o.s.frv. allra þeirra lögaðila sem skráðir eru í fyrirtækjaskrá. Einnig ber að veita þessar upplýsingar úr fyrirtækjaskrá, sbr. 1. mgr. og 2. másl. 3. mgr. 8. gr. Með vísan til þessa leggur ráðuneytið til að ákvæði 6. tölul. 4. gr. laga um fyrirtækjaskrá verði orðað svo:

Nefn, lögheimili og kennitölu stjórnar- og varamanna, prókúruhafa, framkvæmdastjóra, endurskoðenda og skoðunarmanna, félagsmanna í sameignar- og samlagsfélögum og annarra forráðamanna.

Með þessari tillögu er lagt til að skýrt sé kveðið á um það í lögum um fyrirtækjaskrá að þegar við á skuli skrá upplýsingar um stjórnar- og varamenn, prókúruhafa o.s.frv. allra þeirra lögaðila sem skráðir eru í fyrirtækjaskrá (hf., ehf., sf., svf., félagasamtök o.s.frv.). Þessi atriði eru skráð í fyrirtækjaskrá í dag á grundvelli 6. tölul. 4. gr. laga um fyrirtækjaskrá, 12. tölul. 4. gr. sömu laga og ákvæða í lögum um viðkomandi félagaforn.

Aðgangur að upplýsingum og gögnum úr skrá um raunverulega eigendur:

Skatturinn bendir á að orðalag í tillögum frumvarpsins, sbr. 12. og 13. gr., um aðgang aðila að upplýsingum í skrá um raunverulega eigendur í gegnum samtengingarkerfi skráa sé ekki það sama og í núgildandi lögum um aðgang aðila hérlendis að upplýsingum í skránni. Leggur Skatturinn til að orðalagi framangreindra ákvæða frumvarpsins verði breytt til samræmis við orðalaga laganna.

Lagt til að orðalag ákvæða 12. og 13. gr. frumvarpsins sé í samræmi við orðalag þeirra ákvæða gerðanna sem um ræðir, þ.e. í a- og b-lið 5. mgr. og 10. mgr. 30. gr. og a- og b-lið 4. mgr. og 9. mgr. 31. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, eins og henni var breytt með tilskipun (ESB) 2018/843, sem og framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/369 sem gert er ráð fyrir að innleidd verði að fullu með reglugerð (tilvísunaraðferð) á grundvelli ákvæða 12. og 13. gr. frumvarpsins.

Ráðuneytið telur því rétt að orðalag 12. og 13. gr. frumvarpsins verði óbreytt að þessu leyti.

Gildistaka:

Ríkisskattstjóri bendir á að inntak þeirra reglugerðir gert er ráð fyrir að settar verði á grundvelli laganna, sem og framkvæmdarreglugerðir innleiddar þar sem þær muni hafa umtalsverð áhrif á tæknilega útfærslu samtengingarkerfanna. Ríkisskattstjóri bendi einnig á að ráðstafanir vegna rafrænnar auðkenningarþjónustu á milli landa í gegnum eIDAS-umhverfið skipti einnig máli til að unnt sé að nýta kerfin og hafi áhrif á möguleika embættisins til þess að framkvæma þau verkefni sem frumvarpið varðar. Með vísan til þessa telur ríkisskattstjóri til að lögín geti ekki komið til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2025.

Ráðuneytið leggur á það áherslu að lögín taki gildi eins og fljótt og unnt er. Í því sambandi er rétt að taka fram að gert er ráð fyrir að framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnar ESB um tækniforskriftir og verklagsreglur fyrir samtengingarkerfi skráa verði innleiddar með tilvísunaraðferð en framkvæmdarreglugerðirnar eru frá árinu 2021 og liggja því fyrir.



Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2024
Tilvísun: 2024020294/GRB

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fyrirtækjaskrá nr. 17/2003, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994, lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og lögum um skráningu raunverulegra eigenda nr. 82/2019.

1.

Persónuvernd vísar til beiðni Velferðarnefndar Alþingis frá 9 febrúar 2024 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fyrirtækjaskrá nr. 17/2003, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994, lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og lögum um skráningu raunverulegra eigenda nr. 82/2019 (pskj. 934, 627. mál á 154. löggjafarþingi).

2.

Í greinargerð með frumvarpsdrögum er greint frá því að tilgangur frumvarpsins sé að tryggja að ríkisskattstjóra sé heimilt að miðla og veita aðgang að upplýsingum og gögnum úr fyrirtækjaskrá, ársreikningaskrá og skrá um raunverulega eigendur í gegnum samtengingarkerfi skráa í samræmi við tilskipun (ESB) 2015/849 og tilskipun (ESB) 2017/1132.

Í b-lið 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir nýju ákvæði í c-lið 9. gr. laga um fyrirtækjaskrár nr. 17/2003. Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að ríkisskattstjóra sé heimilt að vinna með persónuupplýsingar að því marki sem honum er það nauðsynlegt til að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögumum, svo sem vegna skráningar upplýsinga í fyrirtækjaskrá og við að veita aðgang að þessum upplýsingum. Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að heimildin nái til vinnslu almennra persónuupplýsinga, eins og nafns, kennitölu, heimilisfangs, aðseturs og fjárhagsupplýsinga einstaklinga. Þessar upplýsingar geta verið um einstaklinga sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, forsvarsmenn félaga og raunverulega eigendur.

Í 5. gr. og 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir sambærilegum ákvæðum í a-lið 151 gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og a-lið 125.gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994.

Persónuvernd telur ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við ákvæðin en leggur til að í c-lið 2. gr., b-lið 5. gr., og b-lið 8. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi ákvæði:

„Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt lögum þessum skal samrýmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.“



Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

Helga S. Þórhallsdóttir

Helga Sigríður Þórhallsdóttir

Gyða R. Bergsd.

Gyða Ragnheiður Bergsdóttir

Nefndarsvið alþingis
bt. efnahags- og viðskiptanefndar
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um fyrirtækjaskrá o.fl. lögum. Mál nr. 627. á 154. lögjafarþingi.

Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð (hér eftir samtökin) þakka fyrir tækifærið til að koma á framfæri umsögn við ofangreint mál. Meginmarkið frumvarpsins er að lögfesta heimildir ríkisskattstjóra til að miðla og veita aðgang að upplýsingum og gögnum úr fyrirtækjaskrá, ársreikningaskrá og skrá um raunverulega eigendur.

Með frumvarpinu er ætlunin að innleiða evrópskar tilskipanir sem skylda aðildarríki til að veita aðgang að tilteknum upplýsingum og gögnum sem geymd eru í aðal-, fyrirtækja- og félagaskráum ríkjanna, í gegnum sameiginlegt samtengingarkerfi aðildarríkjanna. Er þetta talið nauðsynlegt til að skapa viðskiptavænna laga- og skattaumhverfi, efla samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja með því að draga úr stjórnslubyrði og auka réttarvissu og um leið nýta upplýsinga- og fjarskiptatækni til að bæta samskipti yfir landamæri.

Í frumvarpinu eru því lagðar til breytingar á lögum um fyrirtækjaskrá, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga og þar með veita ríkisskattstjóra fyrrgreindar heimildir til að veita aðgang að upplýsingum. Með frumvarpinu eru einnig lögfestar reglugerðarheimildir ráðherra um almennan aðgang að upplýsingum úr fyrirtækjaskrá og um gjaldtöku fyrir þær, svo sem vegna útgáfu vottorða og staðfestinga.

Samtökin telja rétt að vekja athygli á því að framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnar ESB 2021/369 hefur samkvæmt opinberum upplýsingum ekki enn verið tekin upp í EES-samninginn. Er ítrekaðar tilvísanir til hennar óheppilegar án þess að skýrar sé kveðið á um að hvað hana varðar sé ekki um ræða innleiðingu á EES-gerð, sbr. 7. gr. EES- samningsins. Er þessi aðferð óheppileg og mikilvægt í ljósi gagnsæis að tilgreina og rökstyðja sérstaklega í greinargerð með frumvarpi þegar verið að vísa til gerða sem ekki hafa verið teknar upp í EES-samninginn.

Samtökin fagna þeim markmiðum sem stefnt er að með frumvarpinu um aukið aðgengi að rafrænum upplýsingum í fyrirtækjaskrá en vilja jafnframt ítreka mikilvægi þess að þær upplýsingar sem frumvarpið fjallar um verði birtar með aðgengilegum hætti líkt og þekkist víða erlendis. Gagnsæi og aukið aðgengi að upplýsingum um fyrirtæki er í takt við almenna réttarþróun og getur haft jákvæð samfélagsleg áhrif, m.a. með því að byggja undir traust á viðskiptalífinu, vinna gegn peningabætti og auðvelda fyrirtækjum að uppfylla auknar skyldur sem lagðar eru á atvinnulífið.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir

f.h. Viðskiptaráðs Íslands



María Guðjónsdóttir



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

23. febrúar 2024

Efni: Umsögn SFF um frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fyrirtækjaskrá, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um ársreikninga og lögum um skráningu raunverulegra eigenda (fyrirtækjaskrá). Þingskjal 934 — 627. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til frumvarps til laga um breytingu á lögum um fyrirtækjaskrá, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um ársreikninga og lögum um skráningu raunverulegra eigenda. SFF gera ekki efnislegar athugasemdir við lagafrumvarpið sjálft en vilja koma að athugasemd sem snýst um að það vantar betri útskýringar í greinargerð um aðgengi aðila sem eru tilkynningaskyldir (skv. lögum um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 (peningapvættislög)), að gögnum úr skrá um raunverulega eigendur. Þá benda samtökin einnig á vankanta varðandi tæknilega útfærslu þessarar skrár.

Lög um fyrirtækjaskrá gera ekki ráð fyrir sérstökum aðgangi tilkynningaskyldra aðila að upplýsingum úr skránni heldur vísar til aðgangs hins opinbera, fyrirtækja og almennings en ráðherra er með 3. mgr. 8. gr. laga um fyrirtækjaskrá falin heimild til að setja reglugerð sem kveður nánar á um aðgang og veitingu upplýsinga. Sú reglugerð inniheldur hins vegar ákvæði um gjaldtöku en ekkert um frekari aðgang tiltekinna aðila.

Lög um skráningu raunverulegra eigenda, sem byggir á Evrópureglum, gera hins vegar ráð fyrir sérstökum aðgangi þ.e. að tilkynningaskyldir aðilar hafi aðgang að **nauðsynlegum upplýsingum og gögnum** úr skránni í tengslum við skyldur þeirra skv. peningapvættislögum, þ.e. m.a. þá skyldu að sannreyna upplýsingar t.d. með upplýsingum úr opinberri skrá sbr. 2. mgr. 10. gr. peningapvættislaga.¹ **Hvergi er þó skilgreint hvaða upplýsingar og gögn eru nauðsynlegar sbr. 7. gr. laga um skráningu raunverulegra**

¹ Tilkynningarskyldur aðili skal ávallt afla fullnægjandi upplýsinga um viðskiptamann og raunverulegan eiganda, sbr. 1. mgr., og grípa til réttmætra ráðstafana til að sannreyna upplýsingar skv. 1. mgr., **t.d. með upplýsingum úr opinberri skrá**. Tilkynningarskyldur aðili skal meta með sjálfstæðum hætti hvort upplýsingar um hinn raunverulega eiganda séu réttar og fullnægjandi og að hann skilji eignarhald, starfsemi og stjórnskipulag þeirra viðskiptavina sem eru lögaðilar, fjárvörslusjóðir eða aðrir sambærilegir aðilar. Í tilvikum þar sem ekki er ljóst af framlögðum gögnum hver endantegur móttakandi fjár er, eða hver raunverulegur eigandi er, skal krefjast frekari upplýsinga. Ef ekki er mögulegt að finna raunverulegan eiganda, t.d. vegna svo dreifðs eignarhalds að engir einstaklingar eiga eða stýra viðskiptamanni í skilningi laga þessara, skal tilkynningarskyldur aðili grípa til réttmætra ráðstafana til að afla fullnægjandi upplýsinga um einstaklinga sem í raun stjórna starfsemi viðskiptamanns. [Í slíkum tilvikum skal varðveita gögn sem sýna fram á þær ráðstafanir sem gerðar eru til að auðkenna einstaklinga sem í raun stjórna starfsemi viðskiptamanns og þau vandkvæði sem upp kunna að koma við slíka auðkenningu.]²



eigenda nr. 82/2019, hvorki í lagatexta né greinargerð.

7. gr. laga um skráningu raunverulegra eigenda hljóðar svo:

7. gr. Aðgangur að upplýsingum um raunverulega eigendur.

Upplýsingar um raunverulega eigendur skv. 4. gr. skulu vera aðgengilegar:

- skrifstofu fjármálagreininga lögreglu,
- eftirlitsaðilum og öðrum stjórnvöldum sem gegna réttarvörsluhlutverki samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka,
- skattýfirvöldum vegna skatteftirlits, upplýsingaskipta milli landa og skattrannsókna,
- tilkynningarskyldum aðilum samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka þegar þeir framkvæma**

áreiðanleikakönnun og

e. almenningi.

Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu, eftirlitsaðilar og stjórnvöld sem gegna réttarvörsluhlutverki og skattýfirvöld skv. a–c-lið 1. mgr. skulu tímanlega hafa óheftan aðgang að öllum skráðum upplýsingum og gögnum um raunverulega eigendur án þess að hlutaðeigandi aðilum sé gert viðvart.

Tilkynningarskyldir aðilar skv. d-lið 1. mgr. skulu tímanlega hafa aðgang að **nauðsynlegum upplýsingum og gögnum**.

Almenningur skv. e-lið 1. mgr. skal hafa aðgang að upplýsingum um nafn raunverulegs eiganda, fæðingaránuð og -ár, búsetuland, ríkisfang og umfang og tegund eignarhalds.

Skrá um raunverulega eigendur skal geyma eftirfarandi upplýsingar sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um skráningu raunverulegra eigenda:

Skráningarskyldir aðilar skulu, með tilkynningu, veita ríkisskattstjóra upplýsingar um raunverulega eigendur eins og þeir eru skilgreindir í lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Veita skal upplýsingar um:

- nafn,
- lögheimili,
- kennitölu eða fæðingardag ef kennitölu er ekki til að dreifa,
- ríkisfang,
- eignarhlut, tegund eignarhalds, dagsetningu eigendaskipta og
- gögn sem staðfesta veittar upplýsingar og sýna fram á að viðkomandi sé raunverulegur eigandi

Tilkynningarskyldir aðilar hafa aðgang að þeim upplýsingum sem taldar eru upp í a - d lið auk þess að fá upplýsingar um atkvæðarétt og prósentur (hluti upplýsinga sem taldar eru upp í e. lið). Tilkynningarskyldir aðilar fá **ekki dagsetningu eigendaskipta og engin gögn sem hægt er að nota til að sannreyna eignarhald og ekki upplýsingar um alla eigendakeðjuna ef um óbeint eignarhald er að ræða** (fá ekki hluta af upplýsingum úr e. lið og ekkert úr f. lið).

Aðildarfélag SFF, sem falla undir tilkynningarskyldu peningabættislaga, eiga að notast við skrá yfir raunverulega eigendur þegar upplýsingar um viðskiptamenn og raunverulega eigendur eru sannreyndar. Lögjöfin gerir ráð fyrir því. Einnig ber þeim að tilkynna um frávik til ríkisskattstjóra ef í ljós kemur misræmi á milli skrár um raunverulega eigendur og þeirra upplýsinga sem viðskiptavinir þeirra afhenda þeim sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um skráningu raunverulegra eigenda.



Tilkynningarskyldir aðilar skv. þþvl. þurfa í dag að sækja upplýsingar um hvern og einn í skrá yfir raunverulega eigendur og fá eins og fram hefur komið takmarkaðar upplýsingar við þá uppflettingu. Ekki er unnt að sækja skrána í heild og láta hana uppfærast í daglegum keyrslum. Upplýsingarnar í skránni um raunverulega eigendur eru það takmarkaðar að ekki er hægt að rekja eignarhald félaga sérstaklega þegar um óbeint eignarhald er að ræða. Best væri ef hægt yrði að rekja gegnum félög og einstaklinga eignarkeðjuna niður á einstaklinga með myndrænum hætti hjá hverju félagi fyrir sig eða a.m.k. að það sjáist í skránni hvaða lögaðili og/eða einstaklingur eigi eignarhlut í hverju félagi fyrir sig. Þá fæst enginn aðgangur að gögnum og því staðan í dag sú að ávallt þarf að kalla eftir viðbótarupplýsingum frá viðskiptavini, sérstaklega þegar um óbeint eignarhald er að ræða til að staðfesta eignarhaldið. Það er því lítið gagn í skránni.

Að mati SFF er afar óheppilegt að það komi ekki skýrt fram í lögunum eða greinargerð hvað teljast nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem tilkynningarskyldir aðilar skulu hafa tímanlegan aðgang að hjá skrá um raunverulega eigendur. Hér er um verulegan annmarka að ræða sem gerir tilkynningarskyldum aðilum erfitt fyrir þegar kemur að því að uppfylla skyldur sínar en nefna má að stór hluti tilkynningaskyldra aðila er undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands sem eðli málsins samkvæmt kannar hvernig tilkynningarskyldir aðilar sinna skyldum sínum skv. lögum.

Markmið skrárinnar, sem á að stuðla að því að komið sé í veg fyrir peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, er ekki að nást eins og staðan er í dag. Samtök fjármálafyrirtækja óska því eftir að Alþingi skoði þau atriði sem bent er á með þessari umsögn. Setja þarf fjármuni í lagfæringar á skránni sem allra fyrst, m.a. tæknilegar lagfæringar. **Við meðferð þessa frumvarps er lag að bæta við umfjöllun í greinargerð hvað teljast nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem tilkynningarskyldir aðilar eigi að hafa aðgang að úr skrá um raunverulega eigendur í tengslum við áreiðanleikakannanir sbr. peningabættislög.**

F. h. Samtaka fjármálafyrirtækja.

Margrét Arnheiður Jónsdóttir, lögfræðingur

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Kennitala: 4201693889

Reykjavík, 27. febrúar 2024
Málsnúmer: 20240202800

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fyrirtækjaskrá, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um ársreikninga og lögum um skráningu raunverulegra eigenda- þskj. 934-627. mál

Ríkisskattstjóri hefur þann 9. febrúar sl. móttengið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál. Telur ríkisskattstjóri tilefni til eftirfarandi athugasemda og ábendinga við ákvæði einstakra greina frumvarpsins eins og það liggur fyrir:

I. Félagasform – Upplýsingum og gögnum miðlað um félög sem skráð eru í hlutafélagaskrá á grundvelli laga um hlutafélög og einkahlutafélög

Samkvæmt frumvarpi þessu verður upplýsingum og gögnum almennt miðlað um félög sem skráð eru í hlutafélagaskrá á grundvelli laga um hlutafélög og einkahlutafélög en þar undir falla hlutafélög, einkahlutafélög, útibú erlendra hlutafélaga, útibú erlendra einkahlutafélaga, samlagshlutafélög, Evrópufélög og opinber hlutafélög. Ákvæði 12. og 13. gr. frumvarpsins taka þó til fleiri félagasforma en í þeim er fjallað um aðgang tilkynningarskyldra aðila og lögbærra yfirvalda og skrifstofu fjármálagreininga lögreglu í aðildarríkjum EES-ríkjanna að upplýsingum og gögnum um raunverulega eigendur.

Ríkisskattstjóri telur vert að nefna að í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tilskipunin taki annars vegar til hlutafélaga, sbr. viðauka I og b-lið 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 200/2019, og hins vegar til hlutafélaga, einkahlutafélaga og samlagsfélaga, sbr. viðauka II og c-lið 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 200/2019. Frumvarpstextinn sjálfur gerir hins vegar ekki ráð fyrir að samlagsfélög falli undir frumvarpið, sbr. t.d. 1. gr. og 10. gr. frumvarpsins. Ríkisskattstjóri bendir á að frekari lagabreytinga þarf við heldur en frumvarp þetta ber með sér ef miðla á upplýsingum og gögnum um samlagsfélög í gegnum samtengingarkerfið, m.a. þar sem engin heildstæð löggjöf er um það félagasform.

II. Um 2. gr., 5. gr., 8. og 10. gr. frumvarpsins (ákvæði um vinnslu persónuupplýsinga)

Frumvarpið varðar m.a. heimildir ríkisskattstjóra til vinnslu persónuupplýsinga við rekstur fyrirtækjaskrár og hlutafélagaskrár í skilningi laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Vinnsluheimildirnar byggja í þessu tilviki á 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 sbr.

c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, þ.e. að vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Því er mikilvægt að kveðið sé á um það með ótvíræðum hætti að við þá framkvæmd sem um ræðir hvíli skylda á ríkisskattstjóra til þess að miðla persónuupplýsingum, í stað þess að ákvörðun um vinnslu sé háð túlkun ríkisskattstjóra á matskenndum heimildarákvæðum.

Með vísan til þessa eru lagðar eru til eftirfarandi breytingar á 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins til að styrkja vinnsluheimildir til grundvallar miðlun persónugreinanlegra upplýsinga úr hlutafélagaskrá og fylgigögnum úr skránni, s.s. samþykktu, stofnsamninga og aukatilkynninga.

Lagt er til að 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Ríkisskattstjóri skal veita aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum úr hlutafélagaskrá, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003, þar á meðal fylgigögnum tilkynninga til hlutafélagaskrár og upplýsingum sem hafa verið skráðar úr þeim.“

Því til samræmis er lagt er til að 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Ríkisskattstjóri skal veita aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum úr hlutafélagaskrá, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003, þar á meðal fylgigögnum tilkynninga til hlutafélagaskrár og upplýsingum sem hafa verið skráðar úr þeim.“

Í sama sjónarmiði er einnig er lagt til að við b-lið 2. gr. frumvarpsins bætist eftirfarandi málsgrein:

„Ríkisskattstjóri skal veita aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum úr fyrirtækjaskrá, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003, þar á meðal fylgigögnum tilkynninga til fyrirtækjaskrár og upplýsingum sem hafa verið skráðar úr þeim.“

Með 10. gr. frumvarpsins er lagt til að á eftir 109. gr. ársreikningalaga komi ný grein, 109. gr. a, sem varði veitingu aðgangs að ársreikningum í gegnum samtengingakerfi skráa. Ríkisskattstjóri telur að jafnframt sé rétt að gera breytingu á núgildandi 109. gr. laganna í því skyni að tryggja fullnægjandi vinnsluheimildir persónuupplýsinga í ársreikningalögum, sem taki þá til framangreindrar vinnslu sem og annarra. Því er lagt til að ný grein bætist við frumvarpið sem beri með sér að við 5. mgr. 109. gr. ársreikningalaga bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

„Ríkisskattstjóra er heimilt að vinna með persónuupplýsingar að því marki sem honum er það er nauðsynlegt til að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum.“

III. Ákvæði 12. og 13. gr. frumvarpsins (aðgangur að upplýsingum og gögnum úr skrá um raunverulega eigendur)

Lagðar eru til breytingar á orðalagi ákvæða 12. og 13. gr. frumvarpsins til þess að samræmis sé gætt við samsvarandi ákvæði laga um skráningu raunverulegra eigenda um aðgang tilkynningarskyldra aðila og eftirlitsaðila á Íslandi (þ.e. skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, eftirlitsaðila og stjórnvalda sem gegna réttarvörsluhlutverki og skattyfirvalda) að upplýsingum og gögnum úr skrá um raunverulega eigendur, sbr. 7. og 8. gr. laga um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að tilkynningarskyldir aðilar og lögbær yfirvöld og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu í aðildarríkjum EES-ríkja fái sams konar aðgang að upplýsingum og sambærilegir aðilar á Íslandi.

Til skýringar þá hafa tilkynningarskyldir aðilar á Íslandi aðgang að upplýsingum en ekki fylgigögnum um raunverulega eigendur, þ.e. hafa aðgang að nafni og kennitölu raunverulegs eiganda eða fæðingardegi ef kennitölu er ekki til að dreifa, lögheimili, búsetulandi, ríkisfangi og umfangi (eignarhlut) og tegund eignarhalds og dagsetningu eigendaskipta hafi þessi atriði verið skráð. Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu, eftirlitsaðilar og stjórnvöld sem gegna réttarvörsluhlutverki og skattyfivöld, sbr. a-c lið 1. mgr. 7. gr. og a-c lið 1. mgr. 8. gr. laga um skráningu raunverulegra eigenda, hafa rýmri aðgang að skrá um raunverulega eigendur. Síðast greindir aðilar, sbr. 2. másl., hafa aðgang að öllum upplýsingum um raunverulega eigendur og gögnum sem fylgja með skráningu sem staðfesta og sýna fram á að viðkomandi sé raunverulegur eigandi (t.d. ársreikningum, hlutafjármiðum, kaupsamningum, stofnsamningum, afritum af vegabréfum o.fl.).

Lagt er til að a-liður 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins orðist svo:

„lögbær yfivöld og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu í aðildarríkjum EES-rikkanna skulu tímanlega hafa óheftan aðgang að öllum skráðum upplýsingum og gögnum um raunverulega eigendur án þess að hlutaðeigandi aðilum sé gert viðvart.“ (feitiletraði textinn er viðbót).

Tillagan er í samræmi við 2. mgr. 7. gr. laga nr. 82/2019.

Lagt er til að a-liður 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

„lögbær yfivöld og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu í aðildarríkjum EES-rikkanna skulu tímanlega hafa óheftan aðgang að öllum skráðum upplýsingum og gögnum um raunverulega eigendur án þess að hlutaðeigandi aðilum sé gert viðvart.“ (feitiletraði textinn er viðbót).

Tillagan er í samræmi við 2. mgr. 8. gr. laga nr. 82/2019.

Lagt er til að b-liður 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins orðist svo:

„tilkynningarskyldir aðilar skv. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 skulu við framkvæmd áreiðanleikakönnunar skv. II. kafla tilskipunarinnar tímanlega hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um raunverulega eigendur.“ (feitiletraði textinn er viðbót).

Tillagan er í samræmi við d-lið 1. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 8. gr. laga nr. 82/2019 og b-lið 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins.

IV. Um 15. gr. frumvarpsins (gildistaka laganna)

Ríkisskattstjóri bendir á að framkvæmd fyrirhugaðrar löggjafar verður þess eðlis að allar reglugerðir, sem gert er ráð fyrir að setja eigi á grundvelli laganna, þurfa að liggja fyrir og framkvæmdarreglugerðir að vera innleiddar. Inntak slíkra reglugerða mun hafa umtalsverð áhrif á tæknilegar útfærslur við uppsetningu samtengingarkerfanna sem um ræðir. Þá er vert að geta þess að ráðstafanir vegna rafrænnar auðkenningarþjónustu á milli landa í gegnum eIDAS-umhverfið eru einnig ákveðin forsenda þess að unnt sé að nýta kerfin. Innleiðing eIDAS er ekki á forræði ríkisskattstjóra en hefur áhrif á möguleika embættisins til þess að framkvæma þau verkefni sem frumvarpið varðar. Með vísan til þessa er það mat ríkisskattstjóra að lög þessi gætu í fyrsta lagi komið til framkvæmda þann 1. janúar 2025.

Loks áréttar ríkisskattstjóri mikilvægi þess að þessi verkefni séu fjármögnuð, bæði að því er varðar innleiðingu þeirra sem og rekstur til lengri tíma.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra


Helga Valborg Steinarsdóttir


Ingvar J. Rögnvaldsson